

## AUGLÝSING

### um takmörkun á innflutningi tiltekinna matvæla frá Tyrklandi.

#### 1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á fikjum, heslihnetum, pistasíum, og afurðum þeirra, frá Tyrklandi.

#### 2. gr.

Auglýsing þessi er sett til að tryggja að matvæli sem um getur í 1. gr. og flutt eru til landsins innihaldi ekki aflatoxín B1 né önnur aflatoxín.

#### 3. gr.

Ekki er heimilt að flytja inn eftirtalin matvæli sem upprunin eru frá Tyrklandi:

- Fikjur og þurrkaðar fikjur sem falla undir tollskrárnúmer 0804.2000
- Heslihnetur sem falla undir tollskrárnúmer 0802.2100 eða 0802.2200
- Pistasíur sem falla undir tollskrárnúmer 0802.5000
- Blöndur af hnetum og þurrkuðum ávöxtum sem falla undir tollskrárnúmer 0813.5001 og 0813.5009
- Unnar afurðir úr heslihnetum, fikjum og pistasíum, þ.m.t. blöndur sem falla undir tollskrárnúmer 2008.1900

Þrátt fyrir ofangreind ákvæði skal innflutningur heimill ef innflytjendur framvísa vottorði frá opinberum aðilum um að vörurnar innihaldi ekki aflatoxín B1 yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 837/2000 um aðskotaefni í matvælum.

#### 4. gr.

Ef vörur sem um getur í 3. gr. eru hér á markaði við gildistöku auglýsingarinnar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi leggi fram vottorð frá opinberum eftirlitsaðila um að vörurnar innihaldi ekki aflatoxín B1 yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 837/2000 um aðskotaefni í matvælum. Geti innflytjandi ekki lagt fram slíkt vottorð skulu vörurnar teknar af markaði.

#### 5. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. og III. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

#### 6. gr.

Auglýsing þessi er sett með heimild í 28. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Auglýsingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstofnun, 1. mars 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*